

Ársrit
Héraðsskjalasafns Kópavogs
2006-2007

Kópavogi 2008

Héraðsskjalasafn Kópavogs

Yfirlit um sögu þess til ársloka 2005

Rekja má upphaf Héraðsskjalasafns Kópavogs til þess að Leonardus J. W. Ingason var ráðinn sem skjalavörður Kópavogskaupstaðar 3. apríl 1979. Skjalavarsla sveitarfélagsins hafði fram að því ekki lotið neinu formlega ákveðnu skipulagi.

Fyrsta hugmynd að stofnun Héraðsskjalasafns Kópavogs kom fram af hálfu Leos í 33 blaðsíðna greinargerð „Kópavogskaupstaður – skjalasafn og skjalavarsla. Nokkrar hugleiðingar og tillögur.“¹ sem hann gerði í janúar 1980, í tilefni af því að bæjarritari Kópavogs fól honum að fara yfir drög að verkefnalýsingu fyrir skjalavörð Kópavogskaupstaðar og gera athugasemdir við þau.

Í þessari greinargerð lýsti Leo þremur kostum sem hægt væri að taka varðandi stöðu og hlutverk skjalasafns Kópavogskaupstaðar.

1. Skjalasafnið væri „handskjalasafn (bruksarkiv)“ og „milliskjalasafn“ bæjarins þ.e. skjalasafn sem hefur að geyma skjöl sem eru í daglegri notkun og aðeins minna notuð skjöl. Skjölin yrðu varðveitt þannig þar til þau yrðu skilaskyld til Þjóðskjalasafns Íslands 20 ára gömul (skv. þeim lögum sem þá giltu).
2. Skjalasafnið yrði héraðsskjalasafn skv. lögum og reglugerðum um þau, undir faglegri umsjón Þjóðskjalasafnsins.
3. Skjalasafnið yrði einhverskonar millistig hinna fyrri tveggja kosta: Það yrði ekki eiginlegt héraðsskjalasafn (bæjarskjalasafn) skv. lögum, en starfaði þó að nokkru leyti sem slíkt.

Leo lagði til í greinargerðinni að þriðja kostinum yrði hafnað á þeirri forsendu að hann færi ekki að lögum.

Taldi hann fyrsta kostinn skárri, þar sem hann væri löglegur, en það hefði þá í för með sér að vilji bæjaryfirvalda til þess að varðveita skjöl bæjarins til

¹ Hskjs. Kóp. Skjalasafn Héraðsskjalasafns Kópavogs. Skjöl um skjalavörslu Kópavogsbæjar.

frambúðar í Kópavogi, með vísan til samþykktar bæjarráðs 27. febrúar 1979 sem afgreidd var í bæjarstjórn 9. mars 1979, yrði ekki virtur þar sem öll skjöl 20 ára og eldri yrðu afhent Þjóðskjalasafninu.

Greinargerð Leos fjallaði því einkum um annan kostinn, stofnun héraðsskjalasafns, sem hann taldi skynsamlegastan og jafnframt að ýmis rök fyrir honum væru mjög sterk rök gegn hinum kostunum. Hann vísaði í drög bæjarstjóra að verkefnalýsingu skjalavarðar þessu til frekari stuðnings og einnig til orða þáverandi borgarskjalavarðar Reykjavíkur, Jóns Böðvarssonar, og þáverandi þjóðskjalavarðar, Bjarna Vilhjálmssonar.

Í greinargerð Leos kom fram að þróunin væri sú í flestum nágrannalöndum okkar að skjalasöfnin hefðu fært starfsemi sína út í stofnanir og embætti með virkara eftirliti og ráðleggingum um fyrirkomulag skjalasafnanna. Hann benti og á að ekki væri nóg að setja lög og reglur um þessi efni, heldur yrði jafnframt að tryggja hinum opinberu skjalasöfnum aðstöðu til þess að framfylgja settum lögum og reglugerðum og rækja hlutverk sitt. Í þessu felst skynsemi og nokkur framsýni sem sjá má á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands sem sett voru fimm árum eftir að Leo ritaði greinargerðina. Einnig má nefna að enn fer því víðs fjarri að Þjóðskjalasafninu hafi verið tryggt aðstaða til þess að framfylgja þeim lögum og tengdum lögum og reglugerðum og rækja hlutverk sitt.

Niðurstaðan varð þó ekki sú að brugðið væri á það ráð á sínum tíma að stofna héraðsskjalasafn í Kópavogi. Þriðji kosturinn, sem Leo hafði bent á að fylgdi ekki lögum, var tekinn en þeim sem þetta ritar hefur ekki tekist að finna formlega ákvörðun um það.

Hefur því verið rekin hálfildings skjalavörslustofnun innan bæjarskrifstofa Kópavogs frá því um 1980 undir nafninu Bæjarskjalasafn Kópavogskaupstaðar og síðar Bæjarskjalasafn Kópavogs. Í greinargerð Leos (bls. 8) kemur fram að hann hafði þá þegar, í ársbyrjun 1980, tekið við skjölum frá skólaskrifstofu Kópavogs og það sé eina embættið utan aðalskrifstofu sem hann hafi tekið við skjölum frá. Skjöl frá fleiri skjalamyndurum áttu eftir að bætast við.

Leo fjallaði um skipulag skjalavörslu bæjarins í skýrslu sinni árið 1980 og nefndi þrjá kosti við það og virðist í þessu vera undir norskum áhrifum.²

- a) dreifð skjalasöfn (desentralisert arkivorganisasjon)
- b) miðskjalasafn (sentralisert arkivorganisasjon)
- c) dreifð skjalasöfn með miðstýringu

Taldi Leo kost c) hentugastan og hafnaði alfarið kosti b) sem í fælist að allar skrifstofur og deildir hefðu sameiginlega skjalavörslu að flestu leyti.

² Af ritaskrá við skýrslu Leos má sjá tvö rit með norskan uppruna, annars vegar Alf Kiil. *Arkivkunnskap*. Oslo 1964, sem ekki kemur hér til greina sem hugmyndagrundvöllur og *Ábendingar um skjalavörslu sveitarfélaga*. Þýtt og endursagt af Jóni Böðvarssyni eftir gögnum frá Sambandi norskra sveitarfélaga (Norske kommuners sentralforbund). Um sentralisert og desentralisert arkivtjeneste er fjallað í ritu Jørgen H. Marthinsen. *Arkivdanning. Veiledning i arkivarbeid*. Oslo 1987, bls. 32 og áfram. Það byggir væntanlega á sömu hugmyndum og þarna koma fram.

Sú niðurstaða er í samræmi við þá grundvallarhugmynd opinberrar skjalavörslu og fyrirmæli núgildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands að forstöðumaður eða embættismaður beri ábyrgð á skjalavörslu sinni sem hluta af sínu rekstrar- og ábyrgðarsviði og að valdmörk þurfi að vera skýr.

Skjalavörður Kópavogskaupstaðar — drög að verkefnalýsingu 1984

Drög að verkefnalýsingu handa skjalaverði Kópavogskaupstaðar voru prentuð í viðbæti ritisins *Skjalasöfn sveitarfélaga*, eftir Jón Bøðvarsson borgarskjalavörð, útgefnu í Reykjavík 1984 af Sambandi íslenskra sveitarfélaga (bls. 28-29). Ritid er dagsett 15. mars 1984. Þau eru á þessa leið:

Skjalavörður skal annast skrásetningu, flokkun og vörslu þeirra skjala, sem geymd eru til frambúðar. Skjöl teljast í þessu sambandi hverskonar bréf til eða frá bænum, samningar og reglugerðir svo og handbækur, blöð og tímarit, sem varða starfsemi bæjarins. Einnig teljast hér til fundargerðabækur bæjarstjórnar og nefnda, álits- og greinargerðir og skýrslur sem fjalla um bæjarmálefni og skyld efni. Þá skal skjalavörður einnig safna umsögnum um menn og málefni viðkomandi Kópavogi. Má þar til nefna blaðaúrklippur og myndir, sem birtast vegna almennra umræðna eða teknar eru af sérstöku tilefni framkvæmda eða merkisatburða.

Safnið og starf skjalavarðar skal hvorttveggja í senn þjóna upplýsingamiðlun í daglegum rekstri bæjarfélagsins og leggja drög að aðföngum til sögu Kópavogskaupstaðar.

Skjalavörður skal gera tillögur um skipulag safnsins og fyrirkomulag á vörslu þess með það fyrir augum, að það sé aðgengilegt til könnunar einstakra gagna og sé vel varðveitt fyrir eldsvoða eða öðrum óhöppum.

Skjalavörður skal taka við þeim gögnum sem hinar ýmsu deildir senda honum til varðveislu og ennfremur kalla reglulega eftir þeim gögnum sem ekki berast, en hann veit að til eru og geyma á í safninu.

Það er matsatriði hverjar handbækur, skýrslur og önnur gögn skuli geyma á skrifstofum hinna ýmsu deilda vegna daglegra nota og skal skjalavörður halda skrá um þau og hvar séu. Á sama hátt er það matsatriði, hve fljótt bréf og önnur gögn, sem varða málefni, sem til umræðu eru eða afgreiðslu skulu fara til skjalasafns, en að jafnaði skal það ske þegar mál hefur fengið fullnaðarafgreiðslu. Þá er það matsatriði hver skjöl eigi ekki erindi til skjalasafns t.d. ýmsir útreikningar og uppköst að áætlunum. Hér skal við það miða, hvort viðkomandi gögn auka á upplýsingagildi safnsins og það haft í huga að auðveldara er að grisja safnið síðar en bæta í glötuðu skjali. Um þessi matsatriði öll skal skjalavörður hafa samvinnu við forstöðumenn deildanna.

Skjalavörður skal ekki lána út einstök skjöl, ef auðvelt er að afhenda ljósrit af því. Séu gögn lánuð skal lánþegi kvitta fyrir móttöku á sérstakt eyðublað, en skjalavörður innheimtir síðan gögnin í samræmi við tímamörk.

Starf skjalavarðar heyrir undir bæjarritara og skal skjalavörður leita til hans um fyriræli og leiðbeiningar í starfi sínu, svo og gera honum grein fyrir tillögum sínum og álitu varðandi alla meðferð safnsins.

Skjalavörður hefur ekki vald til þess að segja starfsmönnum annarra deilda fyrir verkum en almenna aðstoð þjónustudeilda (t.d. ritunardeild) getur hann óskað eftir (vérlitun, símaboð o.s.frv.). Þurfi skjalavörður á aðstoð að halda við vinnu sína getur bæjarritari látið honum hana í té og einnig getur bæjarritari eða bæjarstjóri falið honum önnur störf á skrifstofu bæjarins, hvort heldur það er til þess að fullnýta starfsúma hans eða til nauðsynlegrar tímabundinnar aðstoðar á öðrum deildum. Á sama hátt skal bæjarritari í samráði við skjalavörð ákveða hver starfsmaður leysi hann af í sumarfríum eða ef veikindi ber að höndum.

Um réttindi og skyldur skjalavarðar svo og um kjör fer eftir almennum reglum kaupstaðarins og kjarasamningi bæjarstarfsmanna við bæjarráð.³

Leo vitnaði beint til draga að verkefnalýsingu fyrir skjalavörð Kópavogskaupstaðar í erindi sem hann hélt á námskeiði í skjalavörslu á vegum Fræðslumiðstöðvar sveitarfélaganna 14. maí 1984, „Uppbygging bæjarskjalasafns og tilraun með tölvunotkun“.⁴ Önnur drög en þau sem prentuð voru í mars 1984, og eru hér á undan, virðast hafa legið fyrir þegar Leo flutti erindið. Hann vitnar í fyrstu tvær efnisgreinarnar og þá fjórðu og í beinu framhaldi af henni kemur upphaf fimmtu efnisgreinarinnar aftur að „... hvar séu.“ eins og verkefnalýsingin er hér á undan og svo aðskilinn eftirfarandi texti:

Skjalavörður er ábyrgur gagnvart bæjarritara fyrir uppbyggingu og daglegum rekstri skjalasafns kaupstaðarins og öðrum þeim verkefnum sem honum eru eða verða falin. Hann skipuleggur upplýsingaöflun og annast öflun hvers konar skjala og hljóðritana sem varða málefni Kópavogskaupstaðar í samráði við bæjarritara. Semur starfsreglur safnsins, m.a. varðandi upplýsingaöflun, varðveislu og upplýsingagjöf og skulu þær reglur staðfestar af bæjarstjórn. Móttekur allan póst til bæjarskrifstofunnar, flokkar hann og dreifir til viðkomandi aðila, en varðveitir þau gögn sem tilheyra skjalasafni.

Eingöngu er um drög að ræða, þannig að ekki virðist þessi verkefnalýsing hafa verið sett með formlegum hætti.⁵

³ Hskjs. Kóp. Skjalasafn Héraðsskjalasafns Kópavogs. Skjöl um skjalavörslu Kópavogsbæjar.

⁴ Hskjs. Kóp. Skjalasafn Héraðsskjalasafns Kópavogs. Skjöl um skjalavörslu Kópavogsbæjar.

⁵ Í fyrrnefndri greinargerð Leos, „Kópavogskaupstaður – skjalasafn og skjalavörsla. Nokkrar hugleiðingar og tillögur“, janúar 1980, er aftast vísað til handrits Björgvins Sæmundssonar 1979, „Skjalavörður Kópavogskaupstaðar, Drög að verkefnalýsingu“. Þetta handrit hefur ekki fundist til að hafa hér til hliðsjónar, en það hefur verið frumdrög þessa texta.

Í sama erindi Leos kom eftirfarandi fram:

Áður en gerð var gangskör að því að koma skipulagi á skjalasafn og skjalavörslu hjá Kópavogskaupstað var ástandið mjög slæmt í þeim efnum. Reyndar töluðu ráðamenn bæjarins sjálfir um algjört kaos í þessu sambandi. Segja má að það hafi verið réttnefni hvað varðar aðalskjalasafn sveitarfélagsins og heildarskipulag skjalavörslunnar. Hlutust ýmis vandamál af því þegar stjórnvíslan gat oft og tíðum ekki gengið snurðulaust fyrir sig af þessum sökum. Urðu ýmis leiðindi í samskiptum milli bæjaryfirvalda og ýmissa aðila innan- og utanbæjar vegna samninga og ýmissa annarra gagna sem ekki fundust er til átti að taka. Rétt er þó að geta þess að vissulega fyrirfundust einstakir embættismenn og starfsmenn sem höfðu góða reglu á sínum sérgögnum.

Eftir að hafa tekið þessa hluti föstum tókum hjá okkur að undanförunu hefur ástandið lagast mikið.

Fram kemur í erindi Leos að frá áramótunum 1983/1984 var tekin upp sú nýbreytni að skjalavörður tæki upp allan póst bæjarskrifstofanna en það hefði bæjarstjóri gert fram til þess tíma. Frumrit bréfanna færu ekki út úr skjalasafninu eftir það, en í afriti til málsmeðferðar viðkomandi embættismanna, deilda eða nefnda. Undantekning væri aðeins gerð ef um mjög viðamikil gögn væri að ræða.

Ákveðið hefði verið að nota bréfalykil þann sem Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út árið 1979. Taldi Leo að sá lykill hefði gefið tiltölulega góða raun.

Um form bréfaskráningar í bréfadagbók segir Leo að hvorttveggja hafi verið reynt á mismunandi tímum, bréfadagbók í bókarformi og í spjaldskrárformi.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 4. október 1983 var ákveðið að ráðast í athugun og breytingar á stjórnvíslnu aðalskrifstofu kaupstaðarins. Fyrirtækið Hagvangur var fengið til verksins og samþykkti bæjarráð tillögur Hagvangs um breytingar á fundi sínum 10. janúar 1984 og skyldu þær koma að fullu til framkvæmda eigi síðar en 1. júní 1984.

Starfslýsing skjalavarðar frá hendi Hagvangs hljóðar svo:

Starfsheiti: Skjalavörður.

Næsti yfirmaður: Bæjarritari.

Ábyrgð: Skjalavörður er ábyrgur gagnvart bæjarritara fyrir uppbyggingu og daglegum rekstri skjalasafns kaupstaðarins og öðrum þeim verkefnum sem honum eru eða verða falin.

Verksvið:

- Skipuleggur upplýsingaöflun og annast öflun hvers konar skjala og hljóðritana, sem varða málefni Kópavogskaupstaðar, í samráði við bæjarritara.

- Annast skráningu, flokkun og vörslu skjala í því skyni að upplýsingar séu ávallt tiltækar til hvers konar nota.
- Semur starfsreglur safnsins, m.a. varðandi upplýsingaöflun, varðveislu og upplýsingagjöf og skulu þær reglur staðfestar af bæjarstjórn.
- Móttekur allan póst til bæjarskrifstofanna, flokkar hann og dreifir til viðkomandi aðila, en varðveitir þau gögn, sem tilheyra skjalasafni.
- Vinnur að gerð Árbókar Kópavogskaupstaðar ásamt bæjarritara.
- Vinnur önnur þau störf, sem yfirmaður felur honum.

Tengsl:

- Stuðlar að góðum tengslum við þá aðila, sem þurfa að nota upplýsingar úr skjalasafninu.
- Eflir tengsl við deildarstjóra vegna upplýsingaöflunar í safnið.⁶

Frá árinu 1989 starfaði Arndís Guðmundsdóttir sem skjalafulltrúi undir stjórn Leos Ingasonar á bæjarskrifstofum Kópavogs. Hún starfaði til ársloka 2006. Leo gegndi starfi bæjarskjalavardar frá árinu 1979 til þess er Héraðsskjalasafn Kópavogs var stofnað árið 2000, með þremur hléum vegna náms og annarra viðfangsefna sem tóku alls um tvö og hálf á.⁷ Héraðsskjalavörður hafði yfirumsjón með skjalavörslu á fjármála- og stjórnsýslusviði bæjarins a.m.k. fyrstu ár þess embættis.

Stofnun héraðsskjalasafns⁸

Með bréfi þjóðskjalavardar til bæjarstjórans í Kópavogi 2. janúar 1998 var vakin athygli á ákvæðum laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands um skilaskyldu skjala sveitarfélaga til Þjóðskjalasafns Íslands og að þar sem héraðsskjalasöfn starfi skuli skila skjölunum þangað. Jafnframt vakti þjóðskjalavörður athygli á eftirlitsskyldu Þjóðskjalasafnsins með opinberum skjalasöfnum skv. lögum um Þjóðskjalasafn og upplýsingalögum. Hvatti þjóðskjalavörður eindregið til þess „að Kópavogsbær stofni héraðsskjalasafn (bæjarskjalasafn), sem starfi samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum og taki við skjölum bæjarins til framtíðarvarðveislu.“ Hét þjóðskjalavörður liðsinni starfsmanna Þjóðskjalasafnsins svo sem við yrði komið. Treysti bærinn sér á hinn bóginn ekki til þess að standa fyrir héraðsskjalasafni var þess óskað að hafnar yrðu viðræður til þess að undirbúa skil til Þjóðskjalasafns Íslands á skjölum bæjarins, eldri en frá árinu 1968.

⁶ Hskjs. Kóp. Skjalasafn Héraðsskjalasafns Kópavogs. Skjöl um skjalavörslu Kópavogsbæjar.

⁷ Leo Ingason. „Héraðsskjalasafn Kópavogs. Hlutverk og starfsemi“ *Sveitarstjórnarmál* 61. árg. 2001, 6. tbl. bls. 445.

⁸ Um þetta hefur áður verið fjallað á prenti: Viðtal við Leo Ingason „Þjónusta sem þótti við hæfi“ *Morgunblaðið* 19. nóvember 2000. Leo Ingason. „Héraðsskjalasafn Kópavogs. Hlutverk og starfsemi“ *Sveitarstjórnarmál* 61. árg. 2001, 6. tbl. bls. 444-446. Leo Ingason. „Regionalarkivet i Kópavogur: dets rolle og funktion.“ *Nordisk arkivnyt*, 2002, 1, bls. 17.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 22. janúar 1998 var tekin fyrir umsögn frá bæjarskjalaverði, Leo Ingasyni og bæjarlögmanni Þórði Þórðarsyni frá 20. janúar 1998 um erindi Þjóðskjalavarðar. Samþykkt var að sótt yrði um heimild stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands til að koma á fót héraðsskjalasafni í Kópavogi með vísan til reglugerðar um héraðsskjalasöfn. Ennfremur var samþykkt að skjalasafni Kópavogsbæjar yrði breytt í héraðsskjalasafn og undirbúin yrði setning reglugerðar fyrir safnið.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 1. september 2000 var lögð fram umsögn og tillaga frá bæjarskjalaverði frá 31. ágúst um samþykktir fyrir bæjarskjalasafn ásamt lausn á húsnæðismálum safnsins. Var óskað viðbótarupplýsinga og málinu frestað.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 7. september 2000 voru lagðar fram viðbótarupplýsingar frá bæjarskjalaverði og var samþykkt að bæjarritara yrði falið að auglýsa eftir húsnæði fyrir bæjarskjalasafn á miðbæjarsvæðinu.

Bæjarráð samþykkti 14. september 2000 að bæjarritari leitaði samninga við Þorra hf. um húsnæði fyrir skjalasafnið að Hamraborg 1.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 19. október 2000 lagði bæjarritari Kópavogs fram drög að samþykkt fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs sem var vísað til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

Hinn 24. október 2000 gerði bæjarstjórn Kópavogs „Samþykkt fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs“ sem staðfest var af Þjóðskjalaverði 12. desember 2000.

Samþykkt fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs

1. gr.

Bæjarskjalasafn Kópavogs er héraðsskjalasafn Kópavogsbæjar og Kópavogsbúa. Safnið er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem lýtur yfirstjórn bæjarstjórnar Kópavogs og faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands.

2. gr.

Bæjarskjalasafn Kópavogs starfar samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985, upplýsingalögum nr. 50/1996 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994.

3. gr.

Hlutverk safnsins er:

1. Að annast söfnun skjala og skjalasafna opinberra aðila á starfssvæðinu, sem ekki eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands og afhendingarskyldra skjala í samráði við Þjóðskjalavörð.
2. Að skrásetja öll afhent skjalasöfn og gefa út skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra.
3. Að safna saman öllum skráðum söguheimildum starfssvæðisins, þar með töldum ljósritum slíkra heimilda sem finnast í öðrum skjalasöfnum.

4. Að hafa eftirlit og yfirumsjón með allri skjalavörslu embætta og stofnana Kópavogsbæjar og veita leiðbeiningar þar um.
5. Umsvif safnsins taka til gagna er um getur í 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 283 um héraðsskjalasöfn. Jafnframt safnar bæjarskjalasafnið markverðum skjölum einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka sem ekki eru skilaskyld til safnsins, auk ljósmynda, hljóð- og myndbanda og sambærilegra gagna sem varða sögu starfssvæðisins eða íbúa þess á einhvern hátt. Safnið skal leitast við að eignast eftirtökur af öðrum skjölum sem varða starfssvæðið og ekki fást í frumriti.

4. gr.

Stjórn héraðsskjalasafnsins skal skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af bæjarstjórn og jafnmörgum til vara. Hlutverk stjórnarinnar er að hafa umsjón með héraðsskjalasafninu í umboði bæjarstjórnar, s.s. um mannráðningar, útvegum húsnæðis og annað er að yfirumsjón lýtur. Stjórnin gerir árlega tillögu að fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar og er ábyrg fyrir að rekstri verði hagað í samræmi við fjárframlög bæjarstjórnar hverju sinni. Fundargerðir stjórnar safnsins skulu sendar bæjarstjórn til staðfestingar.

5. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs leggur safninu til rekstrarfé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun.

6. gr.

Reikningar bæjarskjalasafns Kópavogs skulu fylgja uppgjöri bæjarsjóðs og vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda bæjarins. Ársreikningar skulu lagðir fyrir stjórn safnsins og bæjarstjórn til staðfestingar.

7. gr.

Samþykkt þessi og breytingar sem á henni kunna að verða gerðar öðlast gildi að fengnu samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skal hún einnig lögð fyrir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

Samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs

Hinn 24. 10. 2000

Sigurður Geirdal [sign.]

Staðfest af þjóðskjalaverði

Hinn 12. 12. 2000.

Ólafur Ásgeirsson [sign.]

Leo Ingason varð fyrsti héraðsskjalavörður Kópavogs.

Fyrstu stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs kaus bæjarstjórn Kópavogs hinn 9. janúar 2001. Hana skipuðu Hilmar Björgvinsson forstjóri og hdl. sem



Við opnun Héraðsskjalasafns Kópavogs 12. desember 2001 í skjalageymslunni að Hamraborg 1, 3. hæð. Fr. Hjörtur Pálsson ritari stjórnar, Ólafur Ásgeirsson hjóðskjalavörður, Gylfi Gröndal stjórnarmaður, Sigurður Geirdal bæjarstjóri, Leó Ingason héraðsskjalavörður, Hilmar Björgvinsson stjórnarformaður. Mynd Krissý.

formaður, Hjörtur Pálsson cand. mag. og rithöfundur og Gylfi Gröndal ritstjóri og rithöfundur. Bæjarstjórn kaus varamenn þeirra 13. janúar 2001, þau Margrėti Björnsdóttur varabæjarfulltrúa, Ingva Þorkelsson menntaskólakennara og Ólaf Jónsson fyrrverandi bæjarfulltrúa.

Formleg opnun og vígsla Héraðsskjalasafns Kópavogs fór fram hinn 12. desember 2001. Sigurður Geirdal bæjarstjóri Kópavogs sagði m.a. í opunar-ávarpi sínu:

Efir því sem Kópavogsbær hefur stækkað hefur þörfin á því að hafa reiður á skjölum og gögnum vaxið. Menn ákváðu því árið 1978 að ráða bæjarskjalavörð til starfa og var Leó Ingason ráðinn í starfið 1979. Bæjarskjalasafnið hefur haft aðstöðu á aðalskrifstofu bæjarins að Fannborg 2 enda var safnið deild úr bæjarskrifstofunum. Nú breytist þetta og safnið verður sjálfstæð stofnun með eigin stjórn og fjárhag og fær nýtt aðsetur að auki, en rekur þó jafnframt áfram skjaladeild í húsnæðinu að Fannborg 2. Hið nýja húsnæði hér að Hamraborg 1 til 3, er leiguhúsnæði í eigu Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi sem bærinn hefur forkaupsrétt að. Einnig hefur safnið geymslurými að Hamraborg 14a. Hér var ákveðið að hefja þetta starf, en trúlega mun safnið þurfa annað sérhannað húsnæði innan fárra ára.



Hinn 15. janúar 2004 var Ólafur Jónsson fyrrverandi bæjarfulltrúi og fyrrverandi forstöðumaður strætisvagna Kópavogs og áhaldahúss bæjarins kallaður inn sem varamaður í stjórn Héraðsskjalasafnsins. Þetta mun hafa verið síðasti nefndarfundur á vegum Kópavogsbæjar er Ólafur sat, en hann lést 31. desember 2006. Fr. Leo Ingason héraðsskjalavörður, Hjörtur Pálsson ritari stjórnar, Ólafur Jónsson meðstjórnandi og Hilmar Björgvinsson stjórnarformaður. Mynd Krissy.

Hlutverk safnsins sagði Sigurður vera tvíþætt:

Í fyrsta lagi hefur það stjórnsýsluhlutverk, undir því hlutverki eru fimm atriði sem hægt er að nefna hér: 1. Safnið á að leiðbeina bæjarstofnunum um skjalastjórn. 2. Hafa eftirlit með skjalavörslu bæjarstofnana. 3. Varðveita eldri skjöl bæjarins á tryggan hátt. 4. Hafa skjölin skráð og aðgengileg til notkunar. 5. Afgreiða fyrirspurnir úr skjölum samkvæmt gildandi lögum. Í öðru lagi hefur safnið svo menningarhlutverki að gegna. Undir það hlutverk falla þrjú atriði: 1. Að safna og varðveita skjöl um sögu Kópavogs og Kópavogsbúa. 2. Rannsaka og kynna sögu Kópavogs, t.d. með sýningum, fundum, kynningum og útgáfu og þannig efla þekkingu á sögu bæjarins. 3. Stuðla að auknum rannsóknum almennings og fræðimanna á sögu Kópavogs og öllu því er hana snertir. Við erum því hér að fagna merku framtaki og tímamótum varðandi þessi mál hjá okkur hér í Kópavogi.

Starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs 2000-2005

Frá 15. október 2000 hafði Héraðsskjalasafn Kópavogs 175,4 fermetra til umráða í leiguhúsnæði eignarhaldsfélagsins Þorra hf. á 3. hæð í Hamraborg 1,

en við það var bætt 74,8 fermetrum 13. maí 2003. Frá 1. febrúar 2004 hefur stofnunin haft alla hæðina, 330 fermetra, á leigu.

Kópavogsbær hefur haft húsnæði í eigu Hamraborgar hf. að Hamraborg 14a, 99 fermetra að stærð, á leigu undir skjalageymslu frá árinu 1994.

Vinnuástaða til ljósmyndavinnu að Smiðjuvegi 11 var tekin á leigu hjá Emil Þór Sigurðssyni ljósmyndara frá 1. desember 2003 til júliloka 2005.

Önnur stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs var kjörin á fundi bæjarráðs Kópavogs 5. júlí 2002 í umboði bæjarstjórnar og var skipan aðal- og varamanna óbreytt frá fyrri stjórn.

Bæjarstjórn ákvað breytingar á skipuriti Kópavogsbæjar á fundi sínum 20. ágúst 2002. Með því varð sú breyting að Héraðsskjalasafn Kópavogs heyrði framvegis undir lista- og menningardeild tórstunda- og menningarsviðs í stað fjármála- og stjórnsýslusviðs. Breytingin tók að fullu gildi frá og með áramótum 2003.

Starfsmaður við Héraðsskjalasafn Kópavogs árið 2002 ásamt Leo Ingasyni var Anna Stella Snorradóttir. Um áramót 2003 hætti hún en í staðinn komu Kristín Þorgeirsdóttir og Ragnheiður Pétursdóttir. Þær Bergdís Jónsdóttir, Svanlaug Einarisdóttir og Kristín H. Þorsteinsdóttir komu tímabundið að verkefnum í stofnuninni.

Kristín Þorgeirsdóttir ljósmyndari og skjalavörður hafði veg og vanda af sýningum Héraðsskjalasafns Kópavogs á árunum 2000-2005.

Við vígsluathöfn Héraðsskjalasafns Kópavogs 12. desember 2001 voru sýndar ljósmyndir úr Bókasafni Kópavogs sem höfðu áður verið á ljósmyndasýningu í tilefni af 40 ára afmæli Kópavogskaupstaðar, þar með fól bæjarbókavörður Kópavogs Héraðsskjalasafninu þær til varðveislu.

Í tilefni af Norrænum skjaladegi 8. nóvember 2003 sýndi Héraðsskjalasafn Kópavogs skjöl á vef skjaladagsins sem haldið er úti af Þjóðskjalasafni Íslands. Jafnframt hélt Héraðsskjalasafn Kópavogs skjala- og myndasýningu á Café Borg, að Hamraborg 10, og stóð sýningin í þrjár vikur.



Frá opnun skipulagsýningarinnar Frá býli til borgar í maí 2004. Í ræðustóli er Gunnar Birgisson bæjarstjóri. Lengst til vinstri má sjá Þorgeir Þorbjörnsson, Leo Ingason héraðsskjalavörð, Björn Þorsteinsson sviðsstjóra tórstunda- og menningarsviðs Kópavogsbæjar og Þorstein Einarsson starfsmannastjóra Kópavogsbæjar. Næst bæjarstjóra stendur Hilmar Björgvinsson stjórnarformaður Héraðsskjalasafnsins og við hlið hans Hafsteinn Reykjalin. Mynd Krissy.

Í desember 2003 og janúar 2004 var haldin sýning á ljósmyndum og sáldþrykkverkum Ólafs Jónssonar loftsiglingafræðings.

Í tilefni af Kópavogsdögum 2.-11. maí 2004 voru haldnar tvær sýningar í samstarfi við Bókasafn Kópavogs og Skipulagsdeild Kópavogsbæjar. Annars vegar skipulagssýningin *Frá býli til borgar*, farandsýning sem var flutt í Lindasafn og Lindaskóla hinn 7. maí. Þar voru sýndar loftmyndir, skipulagsuppdrættir, mannlífsmyndir og fleira með áherslu á hinn hraða vöxt bæjarins og breytta ásýnd. Hins vegar sýningin *Kofar og keisarans hallir* með myndum frá gömlum tíma í Kópavogi. Í Bókasafni Kópavogs voru sýndar ljósmyndir á veggjum annarrar hæðar bókasafnsins og á myndvarpa úr safni Einars Inga Sigurðssonar fv. heilbrigðisfulltrúa Kópavogs. Ljósmyndir voru einnig á veggjum Héraðsskjalasafnsins og á vegprestum yfir Hamraborgarbrú á leiðinni milli Héraðsskjalasafnsins og Bókasafnsins. Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, opnaði sýningarnar í Héraðsskjalasafni Kópavogs, Hamraborg 1, 4. maí 2004.

Í tilefni af hálftrar aldar afmæli Kópavogskaupstaðar var sýning Héraðsskjalasafns Kópavogs og Bókasafns Kópavogs *Börn í Kópavogi í 50 ár* opnuð með ávarpi stjórnarformanns Héraðsskjalasafnsins, Hilmars Björgvinssonar sunnudaginn 22. maí 2005, kl. 14. Sýningin var í húsakynnum beggja stofnananna og á 15 vegprestum sem stillt var upp á leiðinni á milli safnanna. Á sýningunni voru um 100 myndir frá árabílinu ca 1949-1974, flestar frá síðari hluta tímabilsins. Ljósmyndir voru lánaðar á sýninguna af Önnu Þórarinsdóttur, Dýrleifu Kristjánsdóttur og Sigurði Stefánssyni í Grænátúni, Emelíu Baldursdóttur, Erlu V. Kristinsdóttur, Hrafni Andrési Harðarsyni, Jófríði M. Guðmundsdóttur og Valdimar Aðalsteinssyni, Matthildi Ólafsdóttur, Páli Sigurbjörnssyni, Sigurlaugu Guðmundsdóttur og Þórdísi A. Þorvarðardóttur. Auk þess voru sýndar myndir frá blaðinu *Vögum* og leikskólanum Kópasteini.

Einnig stóð Héraðsskjalasafn Kópavogs fyrir myndasýningu á innihátíð í Fífunni í tilefni af afmælishátíðarhöldunum, en þar var myndum varpað á vegg.

Kynningarbæklingurinn *Héraðsskjalasafn Kópavogs. Miðstöð heimilda um Kópavog og Kópavogsbúa* var gefinn út af Héraðsskjalasafni Kópavogs árið 2005 og dreift í hús í Kópavogi.

Í tilefni af Norrænum skjaladegi árið 2005 kom út póstkort með myndum úr Héraðsskjalasafni Kópavogs.⁹

⁹ Framan á póstkortinu var mynd úr safni Sigurlaugar Guðmundsdóttur, mynd tekin í eldhúsinu í Vallargerði 6 í Kópavogi árið 1950 af Herdísi Þórðardóttur (t.v.) og Guðnýju Þórðardóttur (t.h.). Aftan á var brot úr mynd af hópi manna sem vann að smíði Kópavogskirkju árið 1960. Myndin frá 1960 var birt í heilu lagi í Kópavogsblaðinu í júní 2007 og nöfn þeirra í sama blaði mánuði síðar. Á henni eru frá vinstri: Karlmaður – nafn ókunnugt, Gunnar Gíslason smíður, Guðmundur Guðmundsson smíður, Hannes Benediktsson smíður, Páll Guðmundsson smíður, Andrés Bjarnason smíður, Karlmaður – nafn ókunnugt.

Héraðsskjalasafn Kópavogs hefur átt aðild að Alþjóða skjalaráðinu, ICA (International Council on Archives), deild skjalasafna sveitarfélaga (SMA Section for Municipal Archives), frá árinu 2004. Alþjóða skjalaráðið var stofnað árið 1948 og hefur frá upphafi starfað náið með UNESCO. Það er alþjóðlegur vettvangur fagþekkingar á skjalavörslu.

Leo Ingason lét af störfum árið 2005. Kristín Þorgeirsdóttir hafði umsjón með rekstri Héraðsskjalasafns Kópavogs seinni hluta þess árs. Hrafn Sveinbjarnarson var ráðinn héraðsskjalavörður Kópavogs frá 1. janúar 2006.

Afhendingar skjala til Héraðsskjalasafns Kópavogs 2001-2005

Fyrir utan skjöl frá Kópavogsbæ og stofnunum hans hefur ein helsta uppspretta skjalaafhendinga til Héraðsskjalasafnsins verið Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður sem hefur reynst hinn mesti velunnari og hjálparhella skjalasafnsins. Í mörg ár, áður en Héraðsskjalasafn Kópavogs var stofnað, hefur Hrafn Andrés Harðarson tekið til varðveislu í bókasafninu skjöl og ljósmyndir úr sögu Kópavogs, margt afar mikilvægt og merkilegt, sem ella hefði lent í glatkistunni.

Gert var skriflegt samkomulag um afhendingu ljósmynda og skjala milli forstöðumanna Bókasafns Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs 7. febrúar 2002.

Það sem hér er tekið saman um afhendingar til Héraðsskjalasafnsins fyrir árið 2006 byggist á bréfum um afhendingar og lausum minnismiðum en einnig er stuðst við skráningu Kristínar Þorgeirsdóttur skjalavarðar. Án þeirrar skráningar hefði reynst erfitt að taka þetta saman. Ekki má þó telja þetta fullkomna skrá yfir afhendingar frá þessu tímabili.

Nánari skjalaskrár hafa verið gerðar yfir sumar þeirra og hefur afhendingum og hlutum afhendinga verið gefið númer eftir því sem skráningu miðaði og er þess þá getið við hverja þeirra. Jafnframt er hér getið helstu skjalasafna sem hafa verið í vörslu Héraðsskjalasafnsins frá stofnun þess.

Afhendingar árið 2001

Sigurður Gíslason. Sigurður Gíslason umsjónarmaður húseigna hjá tæknideild Kópavogsbæjar afhenti 26. janúar 2001. Dagbækur Sigurðar frá árunum 1966-1993.

Valdimar Kristinn Valdimarsson. Valdimar Friðrik Valdimarsson sonur hans afhenti í september 2001. Skýrslur o.fl. úr fórum Valdimars Kristins Valdimarssonar varðandi ungmennafélagið Breiðablik. Er í fjórum öskjum.

Nokkur skjöl er varða sögu Kópavogs. Hrafn Andrés Harðarson, bæjarbókavörður, afhenti 12. desember 2001 (við vígslu Héraðsskjalasafnsins). Fundargerðabók Skátaflokksins Fálka. Fundargerðir Foreldrafélags Leik- og

föndurskólans að Kópavogsbraut 4. Einnig fjöldi ljósmynda bæði í römmum og lausar. Mikið safn ljósmynda sem bárust Bókasafni Kópavogs í átaki sem gert var í tilefni af 40 ára afmæli Kópavogs árið 1995. Af þessu er skráð: Fundargerðabók Skátaflokksins Fálka, sem afhending nr. 15/2005. Fundargerðir Foreldrafélags Leik- og föndurskólans að Kópavogsbraut 4, sem afhending nr. 16/2005 (af skyldum uppruna er afhending nr. 13/2007). Lausar ljósmyndir úr söfnunaátaki Bókasafns Kópavogs voru skráðar í ágúst og september 2003 af Kristínu Þorgeirsdóttur.¹⁰

Afhendingar árið 2002

Ýmis skjöl er varða sögu Kópavogs. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður afhenti 7. febrúar 2002. 61 askja með smáprenti frá stofnunum, félögum, fyrirtækjum, flokkum, kirkjum, skólum o. fl. Ljósmyndir. 4 möppur með úrklippum um Kópavog. 6 myndaalbúm m.a. frá Leikfélagi Kópavogs. Söfnunarbaukur vegna byggingar Sunnuhlíðar. Veifur og flögg m.a. frá SVK. 7 dagblaðaöskjur um vinabæi Kópavogs á Norðurlöndum.¹¹ Af þessu er skráð: Bókasafn Kópavogs: Safn til sögu Kópavogs (50 öskjur), sem afhending nr. 17/2005. Blikksmiðjan Vogur, sem afhending nr. 18/2005. Leikfélag Kópavogs, skráð 2005-2006 af Kristínu Þorgeirsdóttur.

Hansína Björgvinsdóttir. Hansína Björgvinsdóttir bæjarfulltrúi afhenti 14. mars 2002. 132 eintök frá ýmsum tímum af bæjarblaði framsóknarmanna í Kópavogi, *Framsýn. Bæjarbúinn*, málgagn I-listans 2. og 3. tbl. 1974. *Ingólfur* 2. tbl. 18. árg. 1976. *Berinn okkar*, blað Borgaralistans 5. tbl. maí 1978. Fáni Kvikunnar, félags vélbátaeigenda í Kópavogi. Tvö eintök af *Birtu*, 30 ára afmælistímariti Freyju, félags framsóknarkvenna í Kópavogi. Stefnuskrá og framkvæmdaráætlun Framsóknarflokksins fyrir kjörtímabilið 1994-1998. Málefni fjölskyldunnar, bæklingur Félagsmálaskóla Framsóknarflokksins 1981. Kosningaauglýsing: Punktur úr stefnuskrá B-listans.

Strætisvagnar Kópavogs. Karl Árnason f.h. Áhaldahúss Kópavogs afhenti árið 2002. Leiðbeiningar varðandi akstur og þjónustu Strætisvagna Kópavogs, starfsreglur og ábendingar til vagnstjóra, ódagsett. Leiðbeiningar fyrir vagnstjóra SVK um akstur vagna í leiðakerfinu eftir 28. maí 1988, dagsett 29. apríl 1988. Afrit fundargerða þverfunda, funda embættismanna Kópavogsbæjar, frá fundi nr. 82 í nóvember 1986 til 110. fundar í október 1990.

¹⁰ Við uppsetningu ljósmyndasýningarinnar í tilefni 40 ára afmælis Kópavogs gerði Ljósmyndasafnið hf. efirtökur myndanna og eru filmur þeirra efirtakna nú í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Afrit af skrá yfir efirtökurnar er til í Héraðsskjalasafni Kópavogs.

¹¹ Skv. afhendingarkvittun 7. febrúar 2002 undirritaðri af Hrafn Andrési Harðarsyni bæjarbókaverði Kópavogs og Leo J.W. Ingasyni héraðsskjalaverði Kópavogs.

Síra Gunnar Árnason. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður afhenti í maí 2002. Sá hluti skjalasafnsins sem var afhentur Bókasafni Kópavogs skömmu eftir andlát hans. Safnið var frágengið og skráð af síra Flosa Magnússyni. Í safninu eru líkræður, prédikanir og önnur rit síra Gunnars. Skráð sem afhending nr. 1/2005.

Ingimar Sigurðsson járnsmiður. Ingimar Sigurðsson járnsmiður afhenti 9. og 13. ágúst 2002.

1. Skjöl varðandi hjúkunarheimili aldraðra í Kópavogi, Sunnuhlíð, og byggingu þess 1978-1995: Fundargerðabók fjárhagsnefndar hjúkunarheimilis aldraðra í Kópavogi 28. maí 1979 til 27. mars 1982, einnig bréfabindi með skjölum um baukasöfnun vegna hjúkunarheimilisins 4. október 1980, bréfabindi með ýmsu um Sunnuhlíð 1978-1980, bréfabindi merkt „Dvalarheimili aldraðra í Kópavogi 1985-1992“, ársreikningar 1979-1995 um byggingu og rekstur Sunnuhlíðar, sumt merkt „Lionsklúbburinn Muninn“, fréttabréfið *Við byggjum hjúkunarheimili aldraðra í Kópavogi* 1980-1983. Ljósmyndir af byggingu Sunnuhlíðar og af barnaheimilinu við Sunnuhlíð, þegar það var fjarlæggt 1995, í litlu myndaalbúmi.
2. Vegamál: 1 bréfabindi með ýmsu prentuðu frá Vegagerðinni og öðrum 2000-2002, Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 1997-1999, tímaritið Vegamál 1994-1995, fréttabréf Vegagerðarinnar „Innanhúss“ 1994-1999.
3. Verkstjóramál: 1 bréfabindi með ýmsu um Verkstjórafélagið Þór 1974-1996.
4. Íbúasamtök vesturbæjar Kópavogs 1990 og Skógræktarfélag Kópavogs 1971-1997 (1 bréfabindi).
5. Kársnessókn 1982-1996, einkum fréttabréf og prentað efni (1 bréfabindi).
6. Samtök frjálsslyndra í Kópavogi 1970-1972 og bæjarmálefni Kópavogs 1970-1980 (1 bréfabindi).
7. Ýmislegt: Tvær lausbláðamöppur með smáprenti, eitt bréfabindi með ljósmyndum, eitt fyrstadagsumslagaalbúm með ýmsu smálegu í, persónuskilríki, ógildar sparisjóðsbækur, ljósmyndir og prentað efni. Ýmis kveðskapur í uppskriftum.

Afhendingar árið 2003

Kristján Guðmundsson. Kristján Guðmundsson fyrrverandi bæjarstjóri Kópavogs afhenti árið 2003. Nótur að laginu „Í Kópavogi“. Lagið er eftir Sigfús Halldórsson við ljóð Böðvars Guðlaugssonar og eru nóturnar áritaðar til Kristjáns frá Sigfúsi. Blaðið *Griðland* 4. júlí 1973 (3 eintök) gefið út af Samtökum áhugamanna um griðland í Fossvogsdal.

Áhaldahús Kópavogs. Karl Árnason f.h. Áhaldahúss Kópavogs, afhenti árið 2003. 1 mappa með bréfum sendum til véladeildar og Áhaldahúss Kópavogsbæjar o.fl. 1969-1995. 1 mappa með bréfum sendum af Áhaldahúsi Kópavogs o.fl. 1980-1996. Umslag með gömlum strætómíðum Strætisvagna Kópavogs (SVK) og prentuðu leiðakerfi SVK frá 30. nóvember 1974 ásamt einum miða í skíðalyftur í Bláfjöllum.

Valdimar Friðrik Valdimarsson íþróttafulltrúi. Valdimar Friðrik Valdimarsson íþróttafulltrúi afhenti árið 2003. Ársskýrslur o.fl. er snertir íþróttafélög í Kópavogi. Er í tveimur öskjum.

Salurinn, tónlistarhús Kópavogs. Vigdís Esradóttir forstöðumaður afhenti árið 2003. Prentaðar efnisskrár tónleika í Salnum í fimm hlutum. Efnisskrár tónleika frá 2. janúar 2000 til 28. júní 2001. Efnisskrár tónleika frá 23. ágúst til 20. desember 2001. Efnisskrár tónleika frá 7. janúar til 9. maí 2002. Efnisskrár tónleika frá 8. ágúst til 13. desember 2002. Efnisskrár tónleika frá 4. janúar til 3. júlí 2003.

Íþróttafélagið Gerpla. Afhent árið 2003. Ljósmyndasafn.

Breiðablik. Afhent árið 2003. *Geisli*, 1. árgangur 1954, 1. tbl. útgefandi Ungmennafélagið Breiðablik Kópavogi. Afmælisritið *Breiðablik 30 ára*. Ljósmyndir (7) af Ármanni J. Lárussyni að glíma 1949-1962. Nokkrar ljósmyndir af íþróttafólki. Ljósmynd af Sigurði Geirdal. Heillaóskaskeyti frá formanni Ungmennafélagsins á 18 ára afmæli Ármanns J. Lárussonar.

Einar Vídalín Einarsson, Nýbýlavegur 205. Þóra Guðnadóttir afhenti 26. júní 2003. Skjöl um byggingu úr landi Meltungu (Nýbýlavegar 205) og um lán vegna byggingar á lóðinni. Skjölin hafa tilheyrt Einari Vídalín Einarssyni og eru frá árunum 1957-1968.

Aðfangasafn ritsins *Innan veggja og utan – Saga skóla og fræðslu í Kópavogi 1946-2001*. Sigurður Geirdal bæjarstjóri Kópavogs afhenti 1. desember 2003. Var áður afhent bæjarstjóra Kópavogs af höfundum ritsins þeim Þorleifi Friðrikssyni, Sólborgu Unu Pálsdóttur og Haraldi Þór Egilssyni á samkomu í Félagsheimili Kópavogs 1. desember 2003, en það var falið Héraðsskjalasafni Kópavogs til varðveislu.

Skúli Skúlason, filmusafn. Skúli Skúlason vélfræðingur afhenti Kópavogsbæ með bréfi 24. júní 2004. Myndirnar tók hann fyrir blað framsóknarmanna í Kópavogi, *Framsýn*, á árunum 1981-1987. Kristín Þorgeirsdóttir skráði safnið árið 2004.

Ólafur Jónsson loftsiglingafræðingur. Fanney Jónsdóttir afhenti í september 2003. Ljósmyndasafn, filmur, skyggnumyndir, silkiþrykk, vatnslitamyndir, sáldþrykk, kópíur, albúm, ýmis einkaskjöl, úrklippur og fleira frá því um 1915 til um 1980. Kristín Þorgeirsdóttir frumskráði safnið í september-desember 2003. Safnið er ekki í nógu góðum umbúðum, í 38 öskjum.

Afhendingar árið 2004

Blakdeild HK. Albert H.N. Valdimarsson afhenti árið 2004. Ársskýrslur blakdeildar HK frá upphafi starfsárið 1974-1975 til og með 2003-2004.

Bókasafn Kópavogs, skjöl af ýmsum uppruna. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður afhenti 8. janúar 2004. Skjöl frá Leikfélagi Kópavogs, Sögufélagi Kópavogs, Golfklúbbi Kópavogs, Ritlistarhópi Kópavogs, Sveini A. Sæmundssyni (skjöl Framfarafélagsins Kópavogs), Huldu Jakobsdóttur (m.a. skjöl sóknarnefndar og byggingarnefndar Kópavogskirkju).¹²

Af þessu er skráð: Framfarafélagið Kópavogur, sem afhending nr. 4/2005. Ritlistarhópur Kópavogs, sem afhending nr. 7/ 2005. Hermann Hjartarson, Ytra-Álandi, sem afhending nr. 8/2005. Uppstillingarnefnd lista óháðra kjósenda í Kópavogi, sem afhending nr. 9/2005. Norræna félagið í Kópavogi, sem afhending nr. 10/2005. Sögufélag Kópavogs, sem afhending nr. 11/2005. Finnbogi R. Valdemarsson, oddviti Kópavogshrepps, sem afhending nr. 12/2005. Kirkjubyggingarnefnd Kópavogskirkju, sem afhending nr. 13/2005. Sóknarnefnd Kópavogssóknar, sem afhending nr. 14/2005. Sóknarnefnd Kársnessóknar, sem afhending nr. 15/2005. Golfklúbbur Kópavogs, sem afhending nr. 16/2005. Skjöl Leikfélags Kópavogs voru skráð ásamt fyrri afhendingu frá 2002 af Kristínu Þorgeirsdóttur, á eftir að fá afhendingarnúmer. Óskráð standa eftir af þessari afhendingu skjöl Bókasafns Kópavogs.

Náttúrufræðistofa Kópavogs. Hilmar Malmquist forstöðumaður afhenti 15. janúar 2004. Fjórar ljósmyndir í ramma: Kópavogsvör, Kópavogshöfn, Hvalavaða í Fossvogi 2 myndir. Myndirnar voru upphaflega sýndar á ljósmyndasýningu í tilefni af 40 ára afmæli Kópavogskaupstaðar, sbr. afhendingu bæjarbókavardar Kópavogs við vígslu Héraðsskjalasafnsins 12. desember 2001.

Sjálfstæðisflokkurinn í Kópavogi. Afhent er félagsheimili flokksins var flutt úr Hamraborg 1, hinn 1. febrúar 2004. *Vogar*, myndasafn blaðsins, eintök af blaðinu o.fl.

Skipulagsstjóri Kópavogs. Birgir Sigurðsson afhenti í júní 2004. Ljósmyndir, skyggnumyndir og uppdrættir ásamt sýningarefni skipulagssýningarinnar *Frá býli til borgar*. 1 hengimöppuvagn og þrjú teikningaskápar.

Snorri Ásgeirsson rafverktaki. Kristjana H. Guðmundsdóttir afhenti 24. júní 2004. Skjöl úr dánarbúi Snorra, m.a. raflagnateikningar.

Magnús Elías Guðmundsson. Einar Magnússon afhenti 24. október 2004. Nokkrar ljósmyndir og kontaktar (filmusmámyndir), 5 kvikmyndaspólur meðalstórar, 14 litlar kvikmyndaspólur, 2 míkrohljóðsnældur, 1 hljóðband og 49 hljóðsnældur (kassettur) úr húsinu að Sæbólsbraut 38.

¹² Skv. minnisblaði Hrafns Andrésar Harðarsonar frá 8. janúar 2004 í skjalasafni Héraðsskjalasafns Kópavogs, sjá og *Kópavogspóstinn* 21. janúar 2004 (ártal á forsiðu er rangt), bls. 7.

Stefnir Helgason. Stefnir Helgason afhenti 28. október 2004. Ýmis gögn er varða störf hans í þágu Kópavogs, einkum prentað efni. Safnið er skráð sem afhending nr. 2/2005.

Líknarsjóður Áslaugar K.P. Maack. Agla Bjarnadóttir og Hanna María Vigfúsdóttir afhentu 8. desember 2004. Skjöl líknarsjóðsins sem starfaði innan vébanda Kvenfélags Kópavogs 1952-2001, en var lagður niður og fé hans rann til Sunnuhlíðar, hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi.

Afhendingar árið 2005

Sigurlaug Guðmundsdóttir. Sigurlaug Guðmundsdóttir afhenti í maí 2005. Skjala- og ljósmyndasafn frá foreldrum Sigurlaugar, hjónunum Guðnýju Mögnu Þórðardóttur og Guðmundi Jóhanni Gíslasyni, en þau bjuggu að Vallargerði 6. Með fylgdu verkfæri Guðmundar.

Stefnir Helgason. Stefnir Helgason afhenti 15. ágúst 2005. Ýmislegt, einkum myndlistarsýningaskrár. Safnið er skráð sem afhending nr. 3/2005.

Afhendingar fyrir stofnun Héraðsskjalasafns Kópavogs

Saga Kópavogs. Björn Þorsteinsson afhenti 15. febrúar 1994 Bæjarskjalasafni Kópavogs 2 kassa með myndum sem komu úr prentsmiðju eftir prentun Sögu Kópavogs.

Hulda Jakobsdóttir. Afhent Bæjarskjalasafni Kópavogs árið 1999 af Hrafni Andrési Harðarsyni. Nú skráð sem afhending nr. 1/2001.

Skjöl sem ýmist eru stofn Héraðsskjalasafnsins eða óvíst um hvenær voru afhent

Alpýðuflokkurinn í Kópavogi. Ljósmyndir, bjargað úr lekri geymslu skjalasafnsins að Hamraborg 14a í ágúst-september 2003 af Kristínu Þorgeirsdóttur, sem jafnframt meðhöndlaði ljósmyndirnar, en þær höfðu þornað og límst saman eftir vatnsskaðann.

Heilbrigðiseftirlit Kópavogs. 237 öskjur, um 22 hillumetrar, með skjölum og ljósmyndum. Heilbrigðisnefnd Kópavogs var lögð niður skv. lögum nr. 7/1998 og við tók Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Í safni þessu eru ljósmyndir teknar af Einari Inga Sigurðssyni heilbrigðisfulltrúa, þær sem lágu lausar í kassa voru skráðar af Kristínu Þorgeirsdóttur.

Bókhald Kópavogshrepps og Kópavogskaupstaðar. 56 hillumetrar af bókhaldsskjölum og hröngli af öðrum embættisskjölum innan um, þar af eru fylgiskjöl bókhalds 1949-1966 tæpur helmingur.

Félagspjónusta Kópavogs. Húsnæðisnefnd, heimaþjónusta o.fl. skjöl frá 1983-2003, 51 hillumetri skjala ýmist í öskjum, bréfabindum eða kössum, misjafnlega frágengið, skráð í mjög grófum dráttum.

Virðingabækur fyrir brunatryggingar fasteigna í Kópavogi. Bækur færðar á tímabilinu 1983-1994, 82 bindi.

Ýmis skjöl frá ýmsum stofnunum. SVK, vélamiðstöð, vinnuskóli, vatnsveita og vélasjóður, um 6 hillumetrar. Launadeild bæjarins, um 15 hillumetrar. Skólaskrifstofa, tómstundaráð og Víghólaskóli, um 17 hillumetrar.

Bæjarskipulag Kópavogs. Um 20 hillumetrar af skjölum.

Bæjarskrifstofur Kópavogs. Skjöl til ársins 1979, 920 öskjur, um 67 hillumetrar.

Skjöl í fjargeymslu að Hamraborg 14a.¹³ Skjöl varðandi Strætisvagna Kópavogs, ýmislegt prentað efni er tilheyrir Héraðsskjalasafni Kópavogs, bókhaldsskjöl Kópavogsbæjar 1966-2001, skjöl frá atvinnuálanefnd bæjarins 1990-1995, Kvöldskóli Kópavogs 1996-2000, ýmis skjöl frá launadeild bæjarins, ýmis skjöl varðandi skipulagsmál og vinnuskóla, fundargerðabók Alþýðuflokkskvenna, gestabók Málningar h/f og margt fleira.

Hrafn Sveinbjarnarson

¹³ Skv. skrá gerðri 27. febrúar 2006.